

Stjórnarfundur FNS

Fundargerð

Þriðjudaginn 14. ágúst 2018, kl. 12:00 hjá Framvegis

Mættar: Helga Lind Hjartardóttir, Helga Tryggvadóttir, Sigríður Sigurðardóttir, Svanhildur Svavarsdóttir og Margrét Arnardóttir var á skype.

1. Hlutverk í stjórn er óbreytt nema Klara kemur inn sem meðstjórnandi og Helga Lind fer í fagráð atvinnulífsins.
2. Frá síðasta fundi
 - a. Hefur greiðsla borist frá HÍ vegna kynningarmála? Frestað fram á næsta fund þar sem gjaldkeri er ekki á fundnum.
 - b. Gautaborg – þó nokkuð margir eiga eftir að klára að greiða ferðina. Helga Lind sendi póst á þá sem eiga eftir að greiða. Einnig mun hún fara yfir Facebook hópinn til að athuga hvort allir sem eru að fara í ferðina séu þar inni. Það eru um það bil 38 félagsmenn að fara á ráðstefnuna.
 - c. Bréfið til skólastjórnenda grunn- og framhaldsskóla var sent í gegnum FF og FG, formenn beggja félaga skrifuðu undir.
 - d. Stefnumótun - fundur var haldin í vor með námsbraut í HÍ og stjórn FNS. Helga T. mun ræða starfslýsingarnar við Sif.
 - e. Andlát félagsmanna - setja inn í önnur mál fyrir dagskrá aðalfundar
 - f. Veit einhver hver staðan er á skipulagningu dags náms- og starfsráðgjafa í grunnskóla? Þótt Kjørtansdóttir kom með hugmyndina af þessum degi. Það er komin skipulögð dagskrá og verður hún 3. september. Fagráð grunnskóla mun sjá um að skipuleggja daginn.
3. Stefnumótun
 - a. Starfshópurinn á eftir að funda – Helga T. mun ræða þessi mál við Ingibjörgu fyrirverandi formann.
 - b. Víðari stefnumótun – Helga T. gerði Mindmanager skjal sem farið var yfir. Hugmynd er uppi um að fá KÍ til að hjálpa okkur að fá ríkistjórnina og sveitarfélögin til að vinna með okkur.
 - c. Hópur um náms- og starfsfræðslu á Facebook þar sem meðal annars er verið að ræða norska módelið. Helga T. mætir á fund með þeim 22. ágúst og mun leggja til að hópurinn verði formlegur á vegum FNS.
4. Starfsáætlun vetrarins. Koma á blað drögum að starfsáætlun hjá stjórn og nefndum/ráðum. Stefnt er að því að halda fund með öllum fagráðum í lok ágúst.
 - a. Starf stjórnar
 - i. Hugmyndir að verkefnum:
 1. Skilgreining stéttar og starfs?

2. Staðan í kjaramálum? Erfitt er að fá fólk í kjararáð. Markmið og stefna kjararáðs þarf að vera mjög skýr. Það þarf að endurskoða kjaranefndir með tillit til laga félagsins.
- ii. Praktísk mál:
 1. Fundartímar – Tillaga um að setja fastan fundartíma í mánuði. Helga T. mun gera könnun meðal stjórnarmanna á Facebook um hvenær sé best að funda.
 2. Uppfæra heimasíðum með stjórn, nefndum og ráðum. Systa mun sjá um að gera þetta.
 3. Koma okkur upp póstlista skólastjórnenda í grunnskólum. Við erum með póstlista fyrir stjórnendur framhaldsskólanna en vantar fyrir grunnskólana.
 4. “Aðgangsskjal” á G-drifi. Systa mun búa til skjal með aðgangi og lykilorðum til a stjórnarmeðlimir komist inn á G-drifið ásamt leiðbeiningum fyrir heimasíðuna.
 - b. Starf nefnda
Funda með nefndum - saman eða sér? – stefnumótunarfundur. Nefndirnar verða boðaðar til fundar í lok ágúst til að fara yfir hlutverk þeirra.
 - i. Fræðslunefnd
 1. Koma Uppskeruhátíðinni í dagskrána
 - ii. Fagraðin
 - iii. Siðanefnd
 - iv. Upplýsinga- og kynningarnefnd (hvetja til greinarskrifa? Kynninga innan stofnana/svæða/sveitarfélaga?..)
 - v. Nefnd um norrænt samstarf
 - vi. Starfshópur v. stefnumótunar
 - vii. Kjararáð - vantar alveg í grunnskóla og háskóla og einn í framhaldsskólann

5. Önnur mál

Enginn önnur mál

Fundi slitið kl. 13:20

Fundarritari
Svanhildur